

Alþingi
Erindi nr. P 131/497
komudagur 6.12.2004

Nefndasvið Alþingis
Stefán Árni Auðólfsson, nefndaritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2004.

Umsögn laganefndar Lögmannafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög með síðar breytingum. 131. löggjafarþing 2004–2005. Pskj. 36-36. mál.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur haft ofangreint frumvarp til skoðunar og lætur í té eftirfarandi umsögn.

I.

Í frumvarpinu eru lagðar til tvenns konar breytingar á hlutafélögum nr. 2/1995. Annars vegar er lagt til að samþykki hluthafahóps sem ræður yfir 1/10 hlutafjár í hlutafélagi geti óskað eftir að fram fari sérstök rannsókn, í stað ¼ skv. gildandi lögum. Hins vegar er lagt til að hlutafélögum verði óheimilt að kaupa eignir af hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum félagsins eða móðurfélags þess eða aðilum sem eru þeim tengdir nema fram hafi farið mat óháðra aðila á verðmæti eignanna.

Í athugasemdum greinargerðar sem fylgir frumvarpinu segir um tilgang þess að með því sé stefnt að því að treysta hag smærri hluthafa. Það að minnihlutavernd í hlutafélögum sé tryggð eins og kostur sé, án þess þó að það verði fyrirtækjum um fót, sé mikilvæg forsenda þess að skapa gott viðskiptaumhverfi og að hlutabréfamarkaðurinn styrkist og dafni.

Mál þetta var flutt á 130. löggjafarþingi, en varð ekki útrætt og er því flutt að nýju.

II.

Laganefnd tekur undir þau sjónarmið að mikilvægt sé að tryggja minnihlutavernd í hlutafélögum. Í lögum nr. 2/1995 eru margvísleg ákvæði sem kveða á um slíka vernd og veita úrræði vegna brota á réttindum hluthafa. Hins vegar er mikilvægt að ákvæði um minnihlutavernd gangi ekki of langt. Ef gengið er of langt í minnihlutavernd er hætt á að slík ákvæði íþyngi félögum um of, valdi þeim óæskilegum kostnaði og raski eðlilegum og hagkvæmum stjórnháttum. Slík neikvæð áhrif bitna á öllum hluthöfum félaga, þ.m.t. minnihluta. Þannig geta ákvæði um minnihlutavernd í reynd skaðað hagsmuni minnihluta hluthafa, ef slík ákvæði ganga of langt. Það er því mikilvægt að þegar ákvæði um minnihlutavernd eru tekin til skoðunar að hlutafélagalöggjöfin sé metin heildstætt og áhrif mögulegra breytinga metin út frá heildarhagsmunum allra hluthafa slíkra félaga.

Í því ljósi bendir laganefndin á að varhugavert getur verið að taka tvö atriði sem lúta að minnihlutavernd út og leggja til breytingar á þeim, án þess að fram fari heildar-skoðun á ákvæðum hlutafélagalöggjafarinnar er lúta að minnihlutavernd. Laganefndin bendir á að í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu er um þessar mundir unnið að frum-

varpi til breytinga á lögum um hlutafélög og einkahlutafélög, þar sem m.a. er fjallað um minnihlutavernd. Drög að frumvörpum til breytinga á þessum lögum voru birt á vefsíðu ráðuneytisins þann 21. september s.l. Með hliðsjón af því telur laganefndin æskilegt að fjallað sé um þau atriði sem kveðið er á um í því frumvarpi sem er hér til umfjöllunar í tengslum við þá endurskoðun.

III.

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 97. gr. hlutafélaganna sem fjallar um sérstakar rannsóknir. Samkvæmt gildandi lögum geta hluthafar komið fram með tillögu um að fram fari rannsókn á stofnun félags, tilgreindum atriðum varðandi starfsemi þess eða ákveðnum þáttum bókhalds eða ársreiknings. Hljóti tillagan fylgi hluthafahóps sem ræður yfir minns $\frac{1}{4}$ hlutafjárins getur hluthafi farið þess á leit við ráðherra að hann skipi rannsóknarmenn. Í frumvarpinu er lagt til að það hlutfall hluthafa sem krafist er til samþykktar á slíkri tillögu verði lækkað í 1/10.

Ákvæði um sérstaka rannsókn kveða á um mikilvægan rétt til handa hluthöfum til þess að fara fram á rannsókn á málefnum félags þegar ástæða er til að ætla að brotið hafi verið gegn hagsmunum þess. Hins vegar hefur verið talið mikilvægt að takmarka þennan rétt með einhverjum hætti, þar sem tilhæfulausar tillögur um rannsóknir geta haft óæskileg áhrif á félög og verið til þess fallnar að skaða hagsmuni þess.

Í ljósi þessa telur laganefndin að mikilvægt sé að breytingar á núgildandi hlutföllum til að óska eftir sérstakri rannsókn séu vel ígrundaðar og grundvallaðar á greiningu á þeim mögulegum áhrifum sem breytt hlutföll geta haft á starfsemi hlutafélaga almennt. Ekki verður séð af athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu að slík greining hafi átt sér stað, og því telur laganefndin óæskilegt að þær breytingar sem í frumvarpinu felast verði samþykktar á án frekari skoðunar á mögulegum áhrifum þeirra á rekstur hlutafélaga almennt.

IV.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að nýrri grein verði bætt við ákvæði hlutafélagalaga sem feli í sér að hlutafélagi verði óheimilt að kaupa eignir af hluthöfum, stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum félagsins eða félögum sem þessir aðilar eiga ráðandi hlut í nema áður hafi verið aflað sérfræðiskýrslu. Sama skuli gilda um kaup félags á eignum af móðufélagi þess og þeim sem tengdir eru aðilum með tilteknum hætti.

Þrátt fyrir að hætta sé á því að ákveðnir hagsmunaárekstrar eigi sér stað í viðskiptum tengdra aðila er ljóst að slík viðskipti eru ekki lögmæt nema þau fari fram á eðlilegum viðskiptalegum forsendum. Um það má m.a. vísa til 76. gr. hlutafélaga þar sem kveður á um að félagsstjórn, framkvæmdastjóri og aðrir þeir sem hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins megi ekki gera neinar þær ráðstafanir sem séu til þess fallnar að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins.

Í ljósi þessa verður almennt að gera ráð fyrir að viðskipti við tengda aðila fari fram á eðlilegum kjörum. Einnig er ljóst að ef það vaknar grunur um að viðskipti milli tengdra aðila á óeðlilegum kjörum þá hafa hluthafar úrræði til að bregðast við slíku á grundvelli gildandi laga.

Fyrrgreindar breytingar á hlutafélagalögum eru til þess fallnar að hafa í för með sér umtalsverðan kostnað fyrir hlutafélög og geta verið mjög íþyngjandi fyrir rekstur þeirra. Gerð sér færðiskýrslna er almennt kostnaðarsamt verk og vandséð er í ljósi ofangreinds hvernig hægt sé að réttlæta slíkan kostnað. Það er því mat laganefndarinnar að fyrrgreind tillaga þurfi umtalsverðrar skoðunar við og óæskilegt sé að lög-festa hana án frekari greiningar á mögulegum áhrifum hennar á rekstur hlutafélaga almennt.

Virðingarfyllst,

f.h. Laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl., formaður